

Vinnuþættir sem tengjast vinnutíma hönnunar- og smíðakennara

Hér verður reynt að gera grein fyrir þeim vinnuþáttum sem tengjast hönnunar- og smíðakennslu. Þessi störf falla undir verkstjórnarþátt skólastjóra, 9.14 klst. Ekki er víst að hér sé um tæmandi upptalningu að ræða.

1. Umsjón og eftirlit með stofu.

- Eftirlit með ástandi véla og verkfæra. Sjá til þess að vélar og verkfæri séu í fullnægjandi ástandi hverju sinni.
- Eftirlit með öðrum búnaði stofunnar, s.s. hefilbekkjum og vinnuborðum.
- Eftirlit með að kröfum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sé fullnægt í samvinnu við vinnueftirlit ríkisins og heilbrigðiseftirlit.
- Að ástand stofu sé gott eftir kennslu.
- Eftirlit með efnislager. Sjá til þess að ávallt sé til efni til kennslunnar.

2. Námskrárgerð og gerð kennsluáætlana.

- Námskrár fyrir alla árganga skólans.
- Einstaklingsnámskrár.
- Kennsluáætlanir fyrir alla árganga skólans.
- Einstaklingskennsluáætlanir.
- Sérstakt álag vegna færslu greinarinnar inn á svið upplýsinga- og tæknimennta svo sem krafa um vinnu með rafeindatækni og stýringar.

3. Námsfærni- og öflun.

- Gerð kennslufærni- og öflun vegna vöntunar þess fyrir námsgreinina hönnun og smíði. Öflun gagna er tengjast vinnu nemenda.
- Búa til sýnishorn af munum sem nemendur eiga kost á að smíða.

4. Sérstakt vinnuálag

- Álag vegna vélavinnu.
- Álag vegna hávaða og ryks.
- Álag vegna hópa þar sem fjöldi nemenda fer yfir 12.

5. Samstarf verkgreinakennara og umsjónarkennara vegna nemenda.

- Kennarar kenna mjög mörgum nemendum í mörgum námshópum og þurfa að vera í stöðugu sambandi við umsjónarkennara skólans vegna nemenda.

6. Samstarf hönnunar- og smíðakennara við aðra kennara og sérfræðinga skólans.

- Samstarf milli kennara í upplýsinga og tæknimennt.
- Samstarf við umsjónarkennara vegna sameiginlegra verkefna.
- Samstarf kennara í hönnun og smíði þar sem þeir eru fleiri en einn.
- Samstarf við aðra list- og verkgreinakennara.

7. Árgangafundir.

- Fundir með kennurum á ákveðnum aldursstigum þar sem fjallað er um ýmis mál efni þar.

8. Foreldrasamstarf.

- Viðtalstími.
- Samtöl heim vegna nemenda.

9. Kennarafundur.

10. Símat.

- Skráning hegðunar og ástundunar. Þar sem hönnunar- og smíðakennarar hafa flestir mjög marga nemendur er mikil vinna að skrá niður ástundun þeirra og hegðun.

11. Aukinn undirbúningur.

Kennarar verða jafnframt að skoða hver fyrir sig hvort lágmarksundirbúningstími fyrir kennslustund dugi eða ekki. Samkvæmt samningnum er lágmarksundirbúningstími 20 mínútur fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri metur í samráði við hvern kennara þörf aukins undirbúningstíma. Atriði sem þarf m.a. að hafa í huga þegar meta skal aukinn undirbúningstíma:

- fjarkennsla
- fjölbreyttir kennsluhættir
- fjöldi kennslugreina
- fjöldi námshópa
- fjöldi nemenda
- gerð einstaklingsnámskráa
- gerð kennsluáætlana
- námsmat, símat og lokamat
- nemendur með annað móðurmál en íslensku
- nýjar kennslugreinar
- nýir nemendahópar/árgangar
- samkennsla
- sérkennsla
- yfirferð verkefna, ritgerða, kannana o.fl.
- öflun náms- og kennslugagna
- (Samkvæmt handbók fyrir skólastjóra, trúnaðarmenn og fulltrúa sveitarfélaga)

12. Viðhald véla og verkfæra.

- Brýnsla eggjárna.
- Smærri viðgerðir á vélum og verkfærum.
- Skipta um hefiltennur og sagarblöð í vélum og láta í skerpingu.

13. Innkaup.

- Innkaup á efni og áhöldum sem þarf til smíðakennslunnar. Fara þarf í innkaupaferðir til að skoða og finna það sem vantar og hagkvæmast er í innkaupum.
- Frágangur á efni og verkfærum.

Bréf þetta er unnið í samstarfi við marga kennara sem kenna hönnun og smíði. Jafnframt hafa ýmsir aðilar lesið yfir það og komið með góðar ábendingar. Færum við þeim bestu þakkir fyrir.

Formaður Félags grunnskólakennara hefur lesið yfir bréf þetta og gerir ekki athugasemdir við innihald þess.

Reykjavík, 20. september 2001

Gísli Þorsteinsson
Formaður Félags íslenskra smíðakennara

Hilmar Björgvinsson
Fulltrúi í samninganefnd Félags
grunnskólakennara